



Unnið var að uppsetningu sirkustjaldsins Jöklu á Miklatúni í gær. Þar mun Sirkus Íslands sýna frá 6. til 30. júlí og aftur í ágúst. Sýndar verða þrjár mismunandi sýningar, ein fjölskyldusýning, ein krakkasýning og Skinnsemi sem er sirkuskabarett með fullorðinsbragði og einungis fyrir 18 ára og eldri. Lee Nelson var ekki með nein trúðslæti þegar hann mundaði sleggjuna við uppsetninguna en Lee hefur sýnt alls konar hundakunstir sem trúðurinn Wally. Það var ögn meiri alvara í gær enda uppsetning tjaldsins alls ekkert grín. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kaupa eina stærstu hótélkeðju landsins

Félagið JL Properties, sem er í eigu Jonathans B. Rubini, ríkasta manns Alaska, er að klára kaup á Keahótelum sem reka átta hótél víðs vegar um landið. Íslenskt fjárfestingarfélag gæti keypt fjórðungshlut á móti bandaríska félaginu. Kaupverðið er um sex milljarðar.

VIÐSKIPTI Bandaríska fjárfestingar- og fasteignapróunarfélagið JL Properties, sem er í eigu ríkasta manns Alaska, er að ganga frá kaupum á eignarhaldsfélaginu Keahótelum fyrir um sex milljarða króna. Samkvæmt heimildum Markaðarins er gert ráð fyrir að kaupsamningur verði undirritaður á næstu dögum en Keahótel reka samtals átta hótél víðs vegar um landið, meðal annars Hótél Borg og Apótek Hótél í Reykjavík.

Þá hafa staðið yfir viðræður við íslenska fjárfestingarfélagið Varða Capital um að það hafi einnig aðkomu að viðskiptunum og kaupi um fjórðungshlut í hótélkeðjunni á móti JL Properties. Eigendur Varða Capital eru Grímur Garðarsson, Jónas Hagan Guðmundsson og Edward Schmidt en félagið kom að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu og er í hópi stærstu hluthafa Kviku banka. JL Properties er stærsta fasteigna-

60% er hlutur Framtakssjóðs í rekstri Landsbréfa í Keahótelum.

próunarfélagið í Alaska en auk þess hefur fyrirtækið meðal annars komið að fjárfestingu í hótélverkefnum í Utah og Flórída. Stjórnarformaður

og forstjóri JL Properties er Jonathan B. Rubini.

Hluthafar Keahótela settu félagið í söluferli í ársbyrjun en það voru einkum erlendir fjárfestar sem sýndu hótélkeðjunni áhuga á meðan á ferlinu stóð, samkvæmt heimildum. Stærsti eigandi hótélkeðjunnar er Horn II, framtakssjóður í rekstri Landsbréfa, með 60 prósent hlut en hluthafar sjóðsins samanstanda af lífeyrissjóðum, fjármálafyrirtækjum og

einkafjárfestum. Rekstur Keahótela hefur gengið afar vel á undanförmum árum og í fyrra var EBITDA-hagnaður félagsins um einn milljarður.

Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem fyrirtæki með aðsetur í Anchorage í Alaska kemur að kaupum á íslensku félagi en fyrr á þessu ári var endanlega gengið frá kaupum eignastýringarfyrirtækisins PT Capital á helmingshlut í fjarskiptafélaginu Nova. — hae / sjá Markaðinn

Rifist um Costco-bensínið á Facebook

LÍFIÐ Einn öflugasti Facebook-hópur landsins snýst um Costco. Í hópnum eru um það bil 80 þúsund manns og umræðurnar í honum geta orðið ansi skrautlegar.

Fréttablaðið fór á stúfana og kannaði umræður hópsins. Eitt stærsta málið er líklega ráðgátan um bensínið. Sumir vilja meina að bensínið í Costco sé betra en annars staðar. — sph / sjá síðu 24

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Á að banna prentaðar bækur? spyr Guðmundur Edgarsson. **10**

SPORT Logi er fullkominn fyrir þetta Víkingslið. **12**

MENNING Dómur um óvenjulega tónleika á Reykjavík Miðsummer Festival. **18**

LÍFIÐ Hrefnu Daniélsdóttur og fjölskyldu tókst að taka allt í gegn og koma sér vel fyrir á nýju heimili á lygilega skömmum tíma. **26**

PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

ÞÚ FERD LENGRA MED **SAGAPRO**
Vinsæl vara við tíðum þvaglátum



SAGA MEDICA

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg



Actavis


**BRÚDKAUPS-
BLÓÐRUR OG
SKREYTINGAR**

Finndu okkur á

PARTYBÚÐIN

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Veður



Suðvestlæg eða breytileg átt, víða 3-8 m/s. Skyjað vestan til á landinu og smáskúrur. Öllu bjartara veður á austurhellingi landsins en þar má búast við skúrum á við og dreif síðdegis. **SJÁ SÍÐU 16**



Jón Trausti Lúthersson er laus úr haldi. FRÉTTABLAÐIÐ/RITSTJÓRN

Rannsókn á manndrápi langt komin

LÖGREGLUMÁL. „Rannsókninni miðar mjög vel og við erum raunverulega langt komin,“ segir Grímur Grímsson, yfirmaður miðlægrar deildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, um rannsókn á líkamsárás sem olli dauða Arnars Jónssonar Aspar í Mosfellsdal þann 7. júní.

Jón Trausti Lúthersson sem úrskurdaður var í fjögurra vikna gæsluvarðhald í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir helgi, grunaður um aðild að manndrápi í Mosfellsdal í byrjun mánaðarins, var látinn laus úr gæsluvarðhaldi í gær. Fjórum hafði áður verið sleppt úr haldi.

Hálstak er talinn aðalþátturinn í því sem leiddi Arnar til dauða, samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðum krufningar. Þetta kemur fram í gæsluvarðhaldsúrskurði Hæstaréttar yfir Sveini Gestri Tryggvasyni sem grunaður er um að hafa tekið Arnar hálstaki.

Þá eru upptökur af árásinni úr snjallsímaforritinu Snapchat á meðal gagna málsins.

Grímur segist ekki geta svarað hvort vitnavernd verði aukin eftir að Jóni Trausta var sleppt.

„Þetta er atriði sem við höfum ekki viljað fara í neinar nákvæmislýsingar á, hvernig þessu er háttað. Ég vil ekkert svara þessari spurningu í hvoruga áttina.“ Hann getur ekkert sagt til um hvenær málið muni fara fyrir dóm. – sg

Ungur töffari í Galaxy



Annar rúntur sumarsins hjá Muscle Car deild Kvartmiluklúbbsins fór fram í gær. Þar létu Aron Larsen, fimm ára, og faðir hans Raimond Larsen fara vel um sig á Ford Galaxy 1967. Sá stutti minnti óneitanlega á Jake Blues úr kvikmyndinni Blues Brothers. Ein nýjung þetta árið er að þema verður á rúntunum, á þessum rúnti var þemað Camaro-bílar, í tilefni af 50 ára afmæli hans, og voru eigendur Camaro-bíla hvattir til að fjölmenna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Umfangsmikil tölvuárás víða um Evrópu

TÆKNI Umfangsmikil tölvuárás var gerð víðsvegar um Evrópu í gær, en Úkraína var helsta skotmarkið.

Um er að ræða nýtt afbrigði af hugbúnaði sem þekkt er undir nafninu „Petya“. Spilliforritið virkar sem gagnagislataka þannig að gögn viðkomandi tölvu eru dulkóðuð og krafist er lausnargjalds í skiptum fyrir gögnin. Visbendingar eru um að þetta afbrigði noti sömu smitleið og WannaCry, sem fréttir bárust af í síðasta mánuði, en Microsoft hefur þegar gefið út öryggisuppfærslu sem lokar þeirri smitleið.

Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær höfðu ekki borist upplýsingar um slíkar tölvuárásir hér á landi. Póst- og fjarskiptastofnun varar þó við slíkum árásum og biður fólk um að láta vita verði það fyrir tölvuárás. – sg

Vill 1,3 milljarða króna í bætur í vatnsstríði

iGwater hefur stefnt Icelandic Water Holdings í Ölfusi í annað sinn og vill bætur upp á 1,3 milljarða. Fékk lögbann á vörumerki fyrirtækisins í lok 2013. Eldra skaðabótamáli var vísað frá dómi og Jón Ólafsson segir kröfuna ekki raunhæfa.

DÓMSMÁL Einkahlutafélagið iGwater hefur stefnt Icelandic Water Holdings (IWH), vatnsátöppunar-fyrirtæki Jóns Ólafssonar í Ölfusi, og krefst skaða- og miskabóta upp á 1,3 milljarða króna vegna lögbanns sem lagt var á notkun vörumerkisins Iceland Glacier í árslok 2013.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Suðurlands í dag en iGwater fer fram á að dómkvaddir matsmenn verði fengnir til að meta meint tjón félagsins. Eldra skaðabótamáli þess gegn IWH var vísað frá dómi í febrúar í fyrra vegna þess hversu vanreifaður málatilbúnaður iGwater var.

„Þessi nýja krafa er auðvitað ekki raunhæf enda fyrirtækið varla starfandi. Þeir segja ósatt um að vatn þeirra komi úr Eyjafjallajökli en mér skilst að það hafi verið tekið í Vestmannaeyjum eftir að því hefur verið dælt í pípu til Eyja. Ég held að þessir menn séu ekki á réttri braut með þetta mál,“ segir Jón Ólafsson, einn eigenda IWH.

Forsaga málsins er sú að IWH fékk í nóvember 2013 lögbann á notkun iGwater, þá Iceland Glacier Wonders, á vörumerkinu Iceland Glacier. iGwater rekur átöppunarverksmiðju í Vestmannaeyjum og framleiðir vatn á flöskum undir vörumerkinu Sno Iceland Glacier Water. Fyrirtæki Jóns í Ölfusi selur vatnið Iceland Glacial. Jón sagði í fjölmiðlum í desember 2013 að honum þættu vörumerkin of lík og stóð lögbannið þangað til í október 2015.



Icelandic Water Holdings selur vatn undir vörumerkinu Iceland Glacial og fór fram á lögbann á vörumerkinu Iceland Glacier. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Rúmu hálfu ári síðar komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að iGwater mætti ekki nota vörumerkið Iceland Glacier í firmaheiti sínu en að því væri heimilt að nota það til markaðssetningar. Stjórnendur félagsins fullyrða að lögbannið hafi spilt lánstrausti og viðskiptahagsmunum og að IWH hafi fylgt því eftir af mikilli hörku og haft samband við erlendar verslanir sem seldu vörur iGwater. Lúðvík Örn Steinarsson, lögmaður félagsins, segir að ný gögn verði lögð fram í skaðabótamálinu fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

iGwater hefur framleitt vatnið Sno Iceland Glacier Water.

Þessi nýja krafa er auðvitað ekki raunhæf enda fyrirtækið varla starfandi.

Jón Ólafsson, stofnandi IWH



Framkvæmdastjóri iGwater heitir Natalie Anne Stotter og er dóttir hollenska fjárfestisins Ottos Spork. Otto rak um tíma félagið Iceland Glacier Products ehf. Félagið stefndi að rekstri átöppunarverksmiðju á Rífi á Snæfellsnesi árið 2007 en var tekið til gjaldþrotaskipta fjórum árum síðar. IWH tilkynnti í kjölfarið að það hefði keypt öll vörumerkjaréttindi út úr þrotabúinu en iGwater síðar hafið notkun á þeim án leyfis. haraldur@frettabladid.is



KEDJUSAGIR í miklu úrvali



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



Sheer
Driving Pleasure



FJÓRHJÓLADRIF. KNÚIÐ AF RAFMAGNI.

**BMW 225xe xDrive EXCLUSIVE, sjálfskiptur,
plug-in hybrid. Verð: 5.150.000 kr.**

Aukabúnaður í EXCLUSIVE útgáfu: Sensatec leðuráklæði, LED aðalljós, rafdrifin framsæti, sjálfvirkur „Leggja í stæði“ búnaður, skyggðar rúður, HIFI 9 hátalara 205W hljómkerfi, lykillaust aðgengi, rafdrifinn afturhleri, snertilaus opnun/lokun á afturhlera, 17" álfelgur, állistar í kringum rúður og þakbogar.

PERFORMANCE

VERIÐ VELKOMIN Í REYNISLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Kapólska kirkjan svarar engu um uppruna gjafafjár

TRÚMÁL Upplýsingar um þá sem styrkja Kapólsku kirkjuna á Íslandi fást ekki uppgefnar. Þetta segir í svari kirkjunnar við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Á dögunum var ný kirkja kapólska í Reyðarfirði. Kirkjan er úr tré og var viðurinn frá Slóvakíu. Robert Fico, forsætisráðherra Slóvakíu, og tveir aðrir ráðherrar voru viðstaddir athöfn þegar kirkjan var vígð. Biskup kapólsku kirkjunnar hér á landi, David Tencer, er Slóvaki.

Þá fyrirhugar Mariukirkjan á Selfossi að byggja hús í bænum. Á Facebook-síðu safnaðarins má sjá að rúmlega 43 milljónir króna hafa

safnast til byggingarinnar og að söfnuðurinn fékk „mjög stóra gjöf“ fyrir viku.

Það vakti mikla athygli fyrir tveimur árum þegar sagt var frá því að Sádardagur styrkja byggingu mosku hér á landi. Í tengslum við þetta beindi Fréttablaðið fyrirspurn til Kapólsku kirkjunnar á Íslandi um hve mikið fé hún hefði fengið að gjöf að utan það sem af er áratugnum. Einnig var spurt hve stór hluti þess væri eynamerktur til byggingu kirkna.

„Kapólska kirkjan sér sjálf um fjárföflun. Nöfn þeirra aðila, sem styrkja verkefni Reykjavíkurbisk-

Nöfn þeirra aðila, sem styrkja verkefni Reykjavíkurbiskupsdæmis, verða ekki birt, nema sé ósk þeirra.

Sr. Jakob Rolland

upsdæmis, verða ekki birt, nema sé ósk þeirra. Upplýsingar um fjárföflun verða gefnar eingöngu þeim, sem málið varðar,“ segir í svari sr. Jakobs Rolland við fyrirspurninni. - jõe



Landakotskirkja er þekktasta kirkja kapólsku kirkjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þingmaður vill hærri laun

BANDARÍKIN Jason Chaffetz, þingmanni Bandaríkjaþings, finnst launin duga skammt og hefur kallað eftir því að þingmenn fái húsnæðisstyrk.

The Hill greinir frá því að árslaun Repúblíkanans Chaffetz nemi 174 þúsund dollurum, 18 milljónum króna, en hann segir að það dugi ekki til að greiða niður húsnæðislán sitt í Utah og fyrir húsaleigu í Washington þar sem hann býr vegna þingstarfa. Stór hluti launnanna fari í háskólamenntun barna hans.

Chaffetz leggur til að þingmenn fái 2.500 dollara á mánuði, eða tæplega 300 þúsund krónur, ofan á laun sín til að auðvelda þeim að greiða húsaleigu. Það sé auðveldara en að hækka laun þingmanna sem hafa haldist óbreytt frá 2009. - sg

Reyna að skemma kerfið

SKÓLAMÁL Unnar Þór Bachmann, trúnaðarmaður kennara í Fjölbautaskólanum við Ármúla, segist hafa „einhvern veginn á tilfinningunni að það sé verið að reyna að skemma kerfið til þess að koma einkavæðingu á“.

Þetta kemur fram í færslu Unnars Þórs í Facebook-hópi meðal framhaldsskólakennara. Ekki náðist tal af Unnari í gær en í Facebook-færslunni segir hann alveg ljóst að FÁ hafi laskast í þessu ferli. Fimm kennarar séu farnir og skólastjórnin. „Ekki hefur verið hægt að endurskoða fjarnámssamning, skóladagatal eða annað í skólastarfinu,“ segir hann um afleiðingarnar.

Í fyrrgreindri færslu á Facebook segir Unnar menntamálaráðherra ekki hafa plan til að bregðast við vanda sem stöðjar að framhaldsskólum landsins. - gar

Nokkuð um að skemmdir á Austurlandi fáist ekki bættar

Tjón vegna úrkomunnar á Austurlandi fyrir helgi hleypur á tugum milljóna króna. Nokkuð er um tjón sem hvorki verður bætt af hálfu váttryggingafélaga né Viðlagatryggingar.

TJÓN Um helmingur tjóns af völdum vatnsveðursins á Austfjörðum síðastliðinn föstudag sem tilkynnt var til Viðlagatryggingar Íslands fellur utan gildissviðs tryggingarinnar. Alls nemur tjón á Eskifirði og Seyðisfirði tugum milljóna króna.

Gífurleg úrkoma var á Austurlandi síðastliðinn föstudag og laugardag. Til að mynda mældist úrkoma um 200 millimetrar á Seyðisfirði frá föstudegi fram á laugardag. Afleiðingarnar voru þær að skriða féll úr Þófalæk á laugardag. Skriðan lenti á tveimur húsum, annað var mannlús skemma en hitt hafði verið rýmt fyrr um daginn vegna skriðuhættu.

Mikill vöxtur var í lækjum og ám sem að auki urðu fullir af framburði. Á Eskifirði stóð glæný brú yfir Hlíðarendaá tæpt en með snarræði tókst að bjarga henni. Vatn flæddi sums staðar inn í kjallara.

„Það fóru tveir starfsmenn frá okkur austur í gær auk sjálfstæðra matsmanna. Nú er búið að fara í rúmlega helming af þeim tjónaskoðunum sem þarf að fara í,“ segir Hulda Ragnheiður Árnadóttir, framkvæmdastjóri Viðlagatryggingar Íslands.



Vatnsmagn í Hlíðarendaá á Eskifirði var rúmlega tvöfalt þar sem vatni úr nærliggjandi á hafði verið veitt í hana meðan unnið var að hreinsun á árfarvegi hennar. Snór handtök lögreglu og verktaka björguðu miklu. MYND/KRISTINN ÞÓR JÓNASSON

Tjón af völdum svokallaðra „force majeure“ atburða, til að mynda náttúruhamfara, er almennt undanskilið í váttryggingaskilmálum váttryggingafyrirtækja. Viðlagatrygging Íslands bætir tjón af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjó- og vatnsflóða. Hjá einstaklingum bætir tryggingin brunatryggt innbú og fasteignir en hjá sveitarfélögum ábyrgist Viðlagatrygging að auki veitumann-

virki, brýr lengri en 50 metra, raforku- og hafnarmannvirki.

„Þetta eru alls 23 tjónstaðir sem við förum í tjónaskoðanir á,“ segir Hulda Ragnheiður.

„Okkur er kunnugt um fleiri tjónsatburði sem hins vegar falla utan gildissviðs viðlagatryggingar. Það tjón er óbætt tjón og engin leið til að tryggja það neins staðar.“ Að tjónaskoðunum loknum tekur við ferli matsgerða og útreikninga á

tjónaupphæðum. Sú vinna tekur líklega tvær til þrjár vikur. Nákvæm tjónsupphæð liggja því ekki fyrir en reikna megi með því að það hlaupi á tugum milljóna króna. „Það flæddi inn í nokkra kjallara en skriðan er það mesta af þessu. Það er óhemju verk fram undan að moka henni burt og hreinsa,“ segir Kristján Kristjánsson, staðgengill bæjarverkstjóra Seyðisfjarðar. johannoli@frettabladid.is

Greinakurlarar

í garðinn eða sumarbústaðinn



Wolf Garten
Model SDL2800

| |
|--|
| Einfasa rafmótor 2800 W |
| Sjálfrýnandi kurlaravals |
| Koma með safnkassa |
| Meðfærilegir og hljóðlátir |
| 45 mm hámarks sverleiki stofna |
| Flottur í garðinn eða í sumarbústaðinn |

Kr. 51.000,-
með VSK



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 - 18:00
Lokað um helgar

Vefsíða og
netverslun:
www.thor.is



Jo Beau
Model M200

| |
|--------------------------------|
| Öflugur og afkastamikill |
| 9 HP Honda bensínmotor |
| 60 mm hámarks sverleiki stofna |
| Hámarks afköst 2.5 m³ / klst |
| Tilvalinn í sumarbústaðinn |

Kr. 395.000,-
með VSK



Nú tvær nýjar tegundir!

GRILL- MATURINN ELSKAR



Nýtt

Nýtt

Seðlabankastjórar vara við hruni

EFNAHAGSMÁL Vísbendingar eru um svipaða togstreitu í Kína og öðrum nýmarkaðsríkjum og sást í Bretlandi og Bandaríkjunum í aðdraganda alþjóðakreppunnar árin 2007 til 2008.

Þetta kemur fram í nýrri ársskýrslu Bank for International Settlements sem hefur stundum verið nefndur seðlabanki annarra seðlabanka.

Dagblaðið City AM greindi frá því í gær að bankinn vari við djúpstæðum vandamálum í alþjóðahagkerfinu. Ljúki vaxtartímabilinu í Tailandi, Kína og öðrum nýmarkaðsríkjum gæti það haft mjög neikvæð áhrif.

Þörf gæti verið á því að seðla-

» **Kína er sérstaklega í erfiðri stöðu vegna vaxandi skuldsetningar fyrirtækja þar í landi.**

bankar hækki stýrivexti til að koma í veg fyrir að vaxandi verðbólga éti upp hagvöxt.

Kína og önnur nýmarkaðsríki urðu ekki fyrir jafn miklum áhrifum af síðustu alþjóðakreppu og vestræn ríki á borð við Bandaríkin, en talið er að þau gætu þó verið viðkvæm fyrir samdrætti núna. Kína er í sérstaklega erfiðri stöðu vegna vaxandi skuldsetningar fyrirtækja þar í landi. – sg

Smærri viðgerðir

Hraðþjónusta HEKLU.
Hringdu í 590 50 30 eða renndu við.
Hekla.is



gæði - þekking - þjónusta

BIÐRÁÐAKERFI - FÆRIBÖND - DEIG- & RASPVÉL - BRÝNI
MÁLMEITARTÆKI - ÁLEGGSHNÍFAR - HAKKAVÉLAR
HAMBORGARAVÉLAR - KJÖTSAGIR - ROÐFLETTIVÉLAR

FLUGNABANAR

Kynningartilboð á nýrri gerð flugnabana sem uppfylla nýjustu kröfur um hreinlæti

GOTT VERÐ FliBlade 26
Áður 20.238,- **NÚ 16.191,-**

Pmt
PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is



Vitamix

Pro750 galdurinn á bak við ferskt hráefni

- Nýtt útlit, öflugri og hljóðlátari
- Stiglaus hraðastýring ásamt pulse rofa og 5 prógrömmum
- Uppskriftabók fylgir



Rauðagerði 25 108 Rvk Sími 440-1800 www.kaelitaekni.is

Ramadanmánuður kvaddur



Drengur frá Pakistan naut þess að fara á hestbak við Lake View Park í Íslamabad í gær en það var annar dagur Eid al-Fitr hátíðarinnar sem haldin er til að marka lok ramadanmánaðar. Ramadanhátíð múslima er haldin víðsvegar um heiminn í 29 til 30 daga. Þá neyta múslimar meðal annars hvorki matar né drykkjar frá sólarupprás til sólarlags en einnig er hvatt til þess að fólk geri fleiri góðverk á tímabilinu. NORDICPHOTOS/AFP

Verkalýðshreyfingin vill ekki í Þjóðhagsráð

Efnahags- og framfarastofnunin leggur áherslu á að verkalýðshreyfingin taki þátt í Þjóðhagsráði. Verkalýðshreyfingin vill ekki vera með. Forseti ASÍ segir ómögulegt að aðskilja umræðu um stöðugleika og velferðarmál.

EFNAHAGSMÁL Auka þarf heimildir ríkissáttasemjara til að fresta aðgerðum á vinnumarkaði til að gefa viðsejendum aukinn tíma og freista þess að ná samningum. Þá þarf að stuðla að meira trausti á vinnumarkaði með því að fá aðila vinnumarkaðarins að þjóðhagsráði. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri skýrslu Efnahags- og framfarastofnunarinnar um stöðu efnahagsmála á Íslandi. Skýrslan var kynnt í fjármálaráðuneytinu í gær.

Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, segist hafa átt samtal við aðila vinnumarkaðarins um þetta. Hingað til hafi aðilar vinnumarkaðarins ekki viljað taka þátt í starfsemi þjóðhagsráðsins.

Gylfi Arnbjörnsson segir ástæðuna vera þá að umræðan um efnahagsmál verði ekki skilin frá umræðunni um félagslegan stöðugleika og velferðarmál. Þetta séu tvær hliðar á sama peningnum. En þegar umræðan snúist um það að tryggja stöðugleikann fari hún alltaf að snú-

Hvað er þjóðhagsráð?

Þjóðhagsráð er skipað fulltrúum ríkisstjórnar Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Samtaka atvinnulífsins og Seðlabanka Íslands. Markmið þjóðhagsráðs er að styrkja samhengingu hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði. Þjóðhagsráð skal fjalla um stöðu í efnahagsmálum og ræða samhengi opinberra fjármála, peningastefnu og kjaramála í tengslum við helstu viðfangsefni hagstjórnar hverju sinni.

ast um að skera niður ríkisútgjöld. „En það er ekki eina leiðin til að bregðast við þenslu. Það er miklu skilvirkara að bregðast við þenslu með sköttum. Það eru aðrar leiðir færar til að bregðast við. Og ef það er þannig að ríkisstjórnin mótir sér

stefnu um að það megi ekki hreyfa við sköttunum, ríkisstjórnin mótir sér stefnu um að það eigi að fara í miklar vegaframkvæmdir og innviðaframkvæmdir, þá er bara eitt eftir. Það er almennur rekstur ríkisins, velferðarkerfið,“ segir hann.

Gylfi segir þetta vera merkilegt í ljósi þess að íslenska ríkisstjórnin, sem hafi ekki viljað tengja saman efnahagsmál og velferðarráð, sé aðili að tillögu Norðurlandanna um að Norðurlöndin verði viðurkennd inn í svokallaðan G20 hóp. Þar inni sé tillaga um að það þurfi að auka vægi velferðarmála í umræðu um efnahagsmál á heimsvísu. „Þeir eru kröfugerðarmenn þessarar stefnu erlendis en neita að taka þátt í henni hér heima.

Gylfi segir að ef ekki sé vilji til þess að horfa til ábyrgðar stjórnvalda og seðlabanka á stöðu velferðarmála þá ætli ASÍ ekki að láta binda sig í einhverju sem snýr að ábyrgð efnahagsmála. jonhakon@frettabladid.is



100 ÁRA AFMÆLIS TILBOÐ



L200 Double Cab 4x4

4.750.000

Verðlistaverð: 5.750.000



SVONA VERÐ BÝÐST BARA EINU SINNI Á HUNDRAD ÁRA FRESTI

Mitsubishi L200 4X4 fangar hugmyndina um sportlegan pallbíl með því að blanda saman þægindum fólksbílsins og notagildi pallbílsins. Hann er byggður á heilli grind, með dráttargetu upp á 3,1 tonn og 450 Nm togkraft. Hátt og lágt drif er staðalbúnaður auk fjölda annarra atriða sem gera aksturinn ljúfari og verkin léttari. Nú færðu L200 á ótrúlegu afmælistilboði með fimm ára ábyrgð. Komdu og prófaðu pallbílinn sem skilar sínu og gott betur þegar mest á reynir.

- Byggður á heilli grind
- Fjórhljadrifinn
- Hátt og lágt drif
- 3,1 tonna dráttargeta
- Þægileg fjöðrun
- 2,4 lítra dísilvél, 178 hestöfl
- Handfrjáls Bluetooth síma-búnaður með USB tengi
- Leðurklætt aðgerðastýri
- Hraðastillir með hraðatakmarkara
- Upplýsingatölva í mælaborði
- Fjarstýrðar samlæsingar
- 6 hátalarar (2 hátíðnihátalarar)
- Akreinavari
- Hæðarstillanlegt stýri með aðdrætti
- Loftkæling
- Hiti í sætum
- Bakkmyndavél
- Doublecab útgáfa
- 17" álfelgur 245/65 R17
- Skyggðar rúður
- Krómpakki og samlitad útlit
- Aurhlífar að aftan og framan
- Baksýnispegill með birtudeyfi
- Armpúði á milli framsæta
- Rafdrifnar rúður að aftan og framan
- Regnskynjari, dagljósabúnaður og þvottur á aðalljósum



FYRIR HUGSANDI FÓLK



Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn fimmtudaginn 29. júní nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Arion banka, Borgartúni 19.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning ársreiknings
3. Tryggingafræðileg athugun
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins
5. Kosning stjórnar og varamanna
6. Kjör endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins má nálgast á frjalsi.is.

Stjórn sjóðsins hvetur sjóðfélaga til að mæta á fundinn.



Nicola Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, setti áform sín um sjálfstæði á ís í gær. Hún vill biða og komast að hvað Brexit þýðir fyrir Skota. NORDICPHOTOS/AFP

Sturgeon hefur sett sjálfstæði Skota í salt

Áform um nýja atkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands hafa verið sett á ís. Brexitferlið verður klárað áður en Skotar taka afstöðu á ný. Ákvörðunin er viðbragð við fylgishruni Skoska þjóðarflokksins.

SKOTLAND Öll áform um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði Skotlands hafa verið sett til hliðar um óákveðinn tíma. Þetta eru viðbrögð Nicolu Sturgeon, forsætisráðherra Skotlands, við slægri útkomu flokks hennar í kosningum þar í landi þann 8. júní síðastliðinn.

Skoski þjóðarflokkurinn, sem Sturgeon er í formennsku fyrir, tapaði 21 þingsæti í kosningunum og fór úr 56 þingmönnum í 35.

Í ávarpi í skoska þinginu í gær sagðist Sturgeon meðvitund um að niðurstaða kosninganna þýddi takmarkaðan áhuga skosku þjóðarinnar á nýrri þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Þeir sem væru andsnúnir sjálfstæði vildu ekki heyra minnst á nýja þjóðaratkvæðagreiðslu en sjálfstæði landsins brenni á öðrum og þeir krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu strax. Sturgeon sagðist þó, eftir mikla yfirlegu, telja að sá hópur væri stærstur sem ekki hefði afgerandi afstöðu með annarri hvorri fylkingunni. Skotar kusu síðast um sjálfstæði í september 2014 en 55 prósent þjóðarinnar höfnuðu tillögunni þá.

Niðurstaða í þjóðaratkvæðagreiðslu um útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, Brexit, vakti upp kröfu um sjálfstæði á ný og þar til í gær stóð til að Skotar kysu á ný um sjálfstæði haustið 2018 eða voríð 2019. Niðurstaða Sturgeon er þó að fresta öllum slíkum áformum þar til eftir að gengið hefur verið frá Brexit og ljóst verður hvernig útganga Bretlands úr Evrópusambandinu kemur til með að hafa áhrif á Skota.

„Mín ábyrgð sem forsætisráðherra er að byggja upp eins mikla einingu og samstöðu og mögulegt er. Við horfumst í augu við Brexit sem við kusum ekki um og sem verður miklu afdrifarikara en nokkurt okkar gat ímyndað sér fyrir ári,“ sagði Sturgeon í ávarpi sínu á þinginu í gær.

Hún tók þó fram að ríkisstjórnin stefndi eindregið á að gefa skosku þjóðinni tækifæri til að kjósa á ný um afstöðu sína til sjálfstæðis. Þangað til yrði enn meiri áhersla lögð á að reyna eftir fremsta megni að hafa áhrif á Brexitferlið með hagsmuni Skotlands að leiðarljósi. – snæ

Skagafjörður og Skagabyggð hefja formlegar viðræður um sameiningu

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sveitarfélögin Skagafjörður og Skagabyggð hafa ákveðið að hefja formlegar viðræður um kosti þess að sameinast. Málið hefur verið rætt á óformlegum notum hingað til en á fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir helgi hófust viðræður formlega.

„Við sjáum fyrir okkur að það yrði mikill hagur fólginu í sameiningu fyrir bæði sveitarfélögin. Við verðum stærra og öflugra samfélag og betur í stakk búin til að takast á við það sem okkur ber að sinna

gagnvart íbúum og stjórnsýslu. Ég tel að viðræðurnar, og vonandi sameining, komi enn frekari hreyfingu á sameiningarmál á svæðinu,“ segir Stefán Vagn Stefánsson, formaður byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Með sameiningarmálum á svæðinu á Stefán meðal annars við sveitarfélög í Húnavatnssýslum.

Skagabyggð varð til árið 2002 við sameiningu Skagahrepps og Vindhælishrepps. Í sveitarfélaginu búa um eitt hundrað manns en íbúar Sveitarfélagsins Skagafjarðar eru tæplega fjögur þúsund. – jõe

BOSS
HUGO BOSS

DIESEL

TOM FORD

Polaroid

VERA WANG
EYEWEAR

Úrval af
sólgleraugum

augastaður
Gleraunaverslunin þín

MJÓDDIN S: 587 2123 FJÖRÐUR S: 555 4789



Way of Life!

NÝR SWIFT

SUZUKI TÓKST HIÐ ÓMÖGULEGA,
AÐ GERA NÝJAN SWIFT ENN BETRI.
HANN ER KRAFTMEIRI, LÉTTARI,
SPARNEYTNARI, RÚMBETRI
OG FULLUR AF TÆKNINÝJUNGUM

KOMDU OG
REYNSLUAKTU
NÝJUM SWIFT

VERÐ FRÁ KR.

▶ **2.080.000**



SJÓN ER SÖGU RÍKARI, KOMDU Í HEIMSÓKN OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN SUZUKI SWIFT.



SUZUKI

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

.....
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

.....
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

SKOÐUN

Sögurnar okkar



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Norsku sjónvarpsþættirnir Skam hafa svo sannarlega slegið í gegn um víða veröld. Vinsældir þáttanna má ekki sist rekja til þess að þar eru sagðar einfaldar, einlæggar og mikilvægar sögur af venjulegum ungmennum í norskum veruleika. Reyndar má vel sjá að það eru ekki ýkja miklir fjármunir lagðir í framleiðslu þáttanna en þó leitast við að vanda til verka og hlúa að þeim kjarna sem mestu skiptir, eða sögunum sjálfum. Sögunum sem hreyfa við okkur og fá okkur jafnvel til þess að velta vöngum yfir samtíma okkar, viðhorfum og samfélagi.

Þetta er umhugsunarvert fyrir Íslendinga í ljósi þess að það ríkir sumar í íslenski kvikmynd- og sjónvarps-þáttagerð um þessar mundir. Hæfileikarnir eru til staðar sem aldrei fyrr, áhugi almennings leynir sér ekki en fjárfestingarnar frá hinu opinbera hafa ekki alveg verið að fylgja með. Við þurfum því að gæta vel að hvernig við nýtum það fjármagn sem á að vera til skiptanna. Gæta að fjölbreytileika og rækta þá hæfileika sem komið hafa fram á sjónarsviðið á síðustu árum.

Um miðjan maí tilkynnti RÚV um samstarf við Reykjavík Studios um kvikmyndun á Sjálfstæðu fólki, eftir Halldór Laxness, sem er óneitanlega höfuðverk í íslenskum bókmenntum. Það þarf ekki að fjölyrða um gæði þessa verks eða mikilvægi fyrir þjóðina. Hitt er annað, hvort það að kvikmynda þessa frábæru bók sé aðkallandi. Bók sem við höfum flest lesið, er enn í lestri vítt og breitt og löngu sígilt meistaraverk sem þarf enga hjálp til þess að lifa, langt frá því.

Það er fagnaðarefni að Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóri er í sóknarhug fyrir leikið efni í sjónvarpi og horfir björtum augum til framtíðarinnar. Auðvitað vill enginn verða til þess að draga úr þeirri sókn en óneitanlega skýtur það skökku við að horfa til framtíðar og leggja svo alla þessa fjármuni í að framleiða kvikmynd og sjónvarpsþætti eftir skáldsögu sem kom út á árunum 1934-35. Það er ekki eins og við búum ekki vel að rithöfundum og handritshöfundum í samtímanum, bæði konum og körlum. Kostnaður er ætlaður um einn og hálfur milljarður og eflaust á að sækja styrki víða um lönd til þess að standa undir framleiðslunni. En það breytir því ekki að verkefni af slíkrri stærðargráðu getur haft gríðarleg áhrif á Kvikmyndasjóð og líkast til einnig RÚV og þar með möguleika annarra kosta. Möguleika annarra listamanna til þess að segja okkur sínar sögur og okkar hinna til að njóta.

Við eigum mikið af hæfileikafólki í kvikmyndagerð og því er ekki að neita að margt af því fólki hefur verið ósátt þegar stærstu verkefni hafa tekið til sín stóran hluta af framlögum Kvikmyndasjóðs. Það er skiljanlegt enda mikið af hæfileikum en fjármagnnið af skornum skammti. Það er líka ágætt að hafa í huga að margt af því sem notið hefur hylli bæði hérlandis sem erlendis af íslenski kvikmyndagerð er ekki endilega það stærsta. Kvikmyndir á borð við Börn náttúrunnar, 101 Reykjavík, Hrúta, Hross í oss, Vonarstræti og margar fleiri kvikmyndir eiga það nefnilega fremur sameiginlegt að segja okkur sjálfstæðar sögur úr samtímanum. Sögur sem eru okkur kunnugar, snerta okkur og skipta okkur máli. eru það ekki þannig sögur sem við viljum sjá og heyrna?

En það breytir því ekki að verkefni af slíkrri stærðargráðu getur haft gríðarleg áhrif á Kvikmyndasjóð og líkast til einnig RÚV og þar með möguleika annarra kosta.

Starfsmanna- og munaskápar

RMI
OFNASMÍDJAN
www.rymi.is

Halldór



Frá degi til dags

Airbnb íbúðirnar

Fulltrúar Efnahags- og framfarastofnunarinnar kynntu skýrslu sína um ástand efnahagsmála á Íslandi í gær. Í skýrslunni er horft sérstaklega til ferðaþjónustunnar og áhrifa hennar á efnahagslífið. Á fundinum, sem fram fór í fjármálaráðuneytinu, var meðal annars rætt um áhrif Airbnb íbúða á húsnæðismarkaðinn hérlandis, en eins og allir vita hefur fasteignaverð snarhækkað á nýliðnum árum. Airbnb íbúðir eru þó ekki eintómt böll því eftir fundinn upplýsti hagfræðingur Efnahags- og framfarastofnunarinnar að hann hefði Airbnb íbúð á leigu á meðan hann væri hér. Hann hefði einfaldlega ekki efni á hótélherbergi.

Að taka umræðuna erlendis
Gylfi Arnbjörnsson segir að það sé tvískinnungur í því hjá ríkisstjórninni að setja kröfu um það á alþjóðavettvangi að meira tillit sé tekið til velferðarmála í umræðunni um efnahagsmál. Á sama tíma vilji ríkisstjórnin ekki ræða velferðarmál hér heima í sömu andrá og efnahagslegan stöðugleika. En kannski er smá bið allt sem þarf. Allavega kynntu íslenskir ráðamenn fyrirretlanir sínar um lögfestingu jafnlaunavottunar úti í heimi áður en umræðan var tekin hér heima á Alþingi. Kannski er það bara stefna ríkisstjórnarinnar að taka umræðuna erlendis áður en hún er tekin heima.
jonhakon@frettabladid.is

Látum þúsundkallana í friði!



Guðmundur Edgarsson kennari

Gott er að fjármálaráðherra hafi hætt við atlguna að þúsundköllum. Almennigur og álitsgjafar höfðu nefnilega risið upp og mótmælt kröftuglega. Með því að hefna möguleika fólks á notkun reiðufjár í því skyni að uppræta skattsvik væri verið að þvinga æ fleiri til ávarandi viðskipta við fjármálafyrirtæki með tilheyrandi kostnaði og eftirliti ríkisins og skattayfirvalda með einkahögum fólks og neyslumynstri. Þá óttaðist fólk að verið væri að stíga fyrsta skrefið í átt til allsherjarsbanns á reiðufé.

Á að banna prentaðar bækur?

Hugmyndir manna um að útrýma reiðufé til að draga úr skattsvikum eru álika langsóttar og að banna prentaðar bækur til að vinna gegn brotum á höfundarrétti. Höfundarréttur yrði vissulega betur varinn ef bækur væru einungis aðgengilegar rafrænt á lesbrettum eins og Kindle enda nær ógerningur að ljósrita eða skanna. Slík sjónarmið vega hins vegar lítið miðað við rétt fólks til að lesa bók á því formi sem hentar og í boði er á markaði. Ekki væri hægt að lesa bók nema eiga tiltekið tæki og allur lestur yrði skráður skilmerkilega í gagnasöfnum rafbókaútgefenda og lesbrettaframleiðenda. Ef grunur vaknaði um að slíkar upplýsingar væru misnotaðar, t.d. af ríkinu, ættu bókaunnendur ekki í nein hús að venda. Nú er þó alltaf hægt að halda sig við prentuðu eintökin. Slíkt veitir vörn gagnvart ráðríkum stjórnmálamönnum. Með sama hætti veita peningaseðlar aðhald gagnvart hugsanlegu offari ríkisins í meðhöndlun upplýsinga og gerræðislegri skattheimtu.

Aðför að eignarrétti

Vissulega hentar oft vel að stunda viðskipti með raf-rænum hætti en stundum kys fólk millilíðalausar greiðslur með beinhörðum peningum. Þá má minna á að við vissar aðstæður treystir stór hópur fólks engum betur fyrir peningum sínum en sjálfu sér, t.d. þegar orðrómur kviknar um bankahrun. Peningar eru jú eins og hver önnur eign og fólk á því að fá að gæta þeirra og ráðstafa á því formi sem það sjálft kys. Takmörkun á því er aðför að eignarrétti.

Svikatólið krónan



Ole Anton Bieltvedt
alþjóðlegur
kaupsýslumaður

Ég hef fjallað nokkuð um það síðustu mánuði, hvernig krónan, vegna smæðar sinnar og óstöðugleika, hefur valdið landi og þjóð hverju fárinu á fætur öðru.

Frá 1950 munu gengisfellingar vera 40. Ótrúleg hörmungarsaga, sem hefur bitnað heiftarlega á fyrirtækjum og fjölskyldum landsins. 2008 fór um helmingur fyrirtækja landsins yfir um, og tugþúsundir fjölskyldna lentu í neyð og volæði vegna hruns krónunnar. En, áfram er haldið, eins og ekkert hafi í skor- izt.

Eitt er það, að krónan sveiflist upp og niður, eins og smáfley á opnu úthafi, og afskræmi þannig tekjur og gjöld landsmanna, annað er, hvað gerast myndi, ef stríð bryt- ist út á Kóreuskaga, ófriðurinn í Mið-Austurlöndum blossaði upp – Bandaríkjunum og Rússum lenti þar saman – eða Trump tæki í gikk- inn.

Banka- og fjármálakreppan gerði ekki mikil boð á undan sér, ekki varð við gosið í Eyjafjallajökli ráðið og árás illræðismanna á World Trade Center kom eins og elding úr heiðskíru lofti.

Veður geta því skipast skjótt í lofti á sviði alþjóðastjórn mála, öryggismála og þar með efnahags- mála.



...sem auðvitað þýðir, að kjarasamningar eru bara óþarfa leikaraskapur; nánast sandkassaleikur.

Það er því gríðarlega mikið öryggisatriði, að við Íslendingar komum peningamálum okkar í traustan, stöðugan og áreiðanlegan farveg. Við erum Evrópubúar, og það er engin leið betri eða traustari fyrir okkur, en að taka upp evruna, eins og 14 smáþjóðir Evrópu hafa gert. Evran er stöðugasti gjaldmið- ill heims, og hún myndi tryggja okkur lágmarksvexti. Hún myndi auðvelda verðsamanburð og efla verðsamkeppni. Hún myndi opna dyrnar fyrir alþjóðleg verzlunar- og þjónustufyrirtæki, sem myndi lækka verð og bæta þjónustu. Menn og fyrirtæki myndu loks vita, hvar þau stæðu og hvers væri að vænta. Menn gætu keypt íbúð og borgað hana bara einu sinni, í stað mörgum sinnum vegna okurvaxta.

Ég hef haldið, að ráðamenn landsins hafi hangið í krónunni af einhverri tilfinningalegri þrá- hyggju; af einhverri misskilinni þjóðernishyggju. Slíkt er vitaskuld út í hött, því að gjaldmiðill er bara verkfæri eða tæki í peningakerfi. Það eru krónur víða.

Mér brá því í brún – fékk smá áfall, þó taugasterkur teljist – þegar ég sá viðtal við forsætisráðherra á Eyjunni þann 8. júní. Björn Ingi

spurði Bjarna þá um krónuna. „Hún verður áfram næstu árin,“ var svarið. Og, svo kom skýringin, sem var nokkurn veginn þessi:

Hérlendis knýja launþegar fram launahækkanir, sem ekki standast fyrir atvinnuveitendur og ríkið, kannske 10% á ári, og verður þá að leiðrétta þetta með gengi krón- unnar. M.ö.o. forsætisráðherra sagði umbúðalaust, að hafa verði krónuna, svo að hægt sé að brensla og breyta gerðum kjarasamningum,

eftir þörfum atvinnuveganna og stöðu ríkisfjármála, sem auðvitað þýðir, að kjarasamningar eru bara óþarfa leikaraskapur; nánast sand- kassaleikur.

Hér kom þá loks skýringin á væntumþykju stjórnvalda á krón- unni og á því dauðahaldi, sem þau halda í hana; hún er svikatól til að breyta og ógilda kjarasamninga. Ekki gott mál það, og ekki veit ég, hvað Ragnar Þór og Gylfi Arn- björnsson segja um þetta.

VASK á ferðaþjónustu bar líka á góma. Hér kom skondin saga: Þegar unnið var að frumvarpinu um hækkun VASKs á ferðaþjónustu, úr 11% í 22,5%, var gengið 112 í Bandaríkjadal (forsætisráðherra vildi auðvitað ekki taka sér „evru“ í munn). En þegar frumvarpið var tilbúið, var krónan komin í 100; hafði hækkað um 10%. Þetta þýddi það, að álögurnar á ferðaþjónustu hefðu orðið helmingi hærri, en meiningin hafði verið. Þess vegna

yrði að skoða þetta upp á nýtt. Þarna sannaðist, að krónan getur líka komið í bakið á beztu vinum og forsvarsmönnum sínum. Þar kom vel á vonda.

Ekki kom fram hjá forsætisráð- herra, hvernig íslensk ferðaþjónusta hefði átt að vinna með 22,5% VASKi meðan samkeppnisferðaþjónusta í öðrum Evrópulöndum vinnur að meðaltali með 9,8%. Spennandi væri að fá skýringu á því, en senni- lega kemur hún seint.

Við hjálpum þér að bæta lífsgæðin

Rexton™ heyrnartækin gera meira en að hjálpa þér að heyra betur. Þau opna nýjar leiðir í samskiptum, rjúfa þögnina og gefa tóninn. Þau auka lífsgæðin. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánuð til reynslu.

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



FRÉTTABLAÐIÐ **SPORT****Nýjast****Pepsi-deild kvenna**

Valur - Þór/KA 1-1
0-1 Sandra Mayor (21.), 1-1 Vesna Smiljkovic (65.).

KR - ÍBV 0-2
0-1 Cloé Lacasse (25.), 0-2 C. Lacasse (88.).

Stjarnan - Haukar 5-0
1-0 Harpa Þorsteinsdóttir (6.), 2-0 Harpa Þorsteinsdóttir (31.), 3-0 Guðmunda Brynja Óladóttir (44.), 4-0 Katrín Ásbjörnsdóttir (63.), 5-0 Guðmunda Brynja Óladóttir (90.).

FH - Breiðablik 0-5
0-1 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (18.), 0-2 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (71.), 0-3 Fanndis Friðriksdóttir (74.), 0-4 Rakel Hönnudóttir (83.), 0-5 Guðrún Arnardóttir (90.).

Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|------------|----|---|---|---|-------|----|
| Þór/KA | 10 | 9 | 1 | 0 | 23-4 | 28 |
| Breiðablik | 10 | 8 | 0 | 2 | 26-4 | 24 |
| Stjarnan | 10 | 7 | 1 | 2 | 25-9 | 22 |
| ÍBV | 10 | 7 | 1 | 2 | 20-8 | 22 |
| Valur | 10 | 6 | 1 | 4 | 25-9 | 19 |
| FH | 10 | 4 | 0 | 6 | 11-17 | 12 |
| KR | 10 | 2 | 0 | 8 | 6-22 | 6 |
| Grindavík | 9 | 2 | 0 | 7 | 6-28 | 6 |
| Fylkir | 9 | 1 | 1 | 7 | 4-20 | 4 |
| Haukar | 10 | 0 | 1 | 9 | 5-30 | 1 |

Í dag

19.15 Grindavík - Fylkir Grindavík

Valur fyrsta liðið sem nær að hægja á toppliði Þórs/KA

Hvert ert þú að fara? Sandra Maria Jessen og stóllur hennar í liði Þórs/KA fengu ekkert frítt á Valsvellingum í gær. Eftir níu sigurleiki í röð í Pepsi-deildinni kom loksins að því að Þór/KA tapaði stigum. Liðið tapaði þó ekki í þessum hörkuleik. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Logi er fullkominn fyrir þetta Víkingslið

Eftir nokkurra ára hvíld frá þjálfun hefur Logi Ólafsson snúið gengi Vikings R. við. Frá því Logi tók við hefur ekkert lið í Pepsi-deildinni náð í fleiri stig. Óskar Hrafn Þorvaldsson segir að Logi hafi komið með aga og léttleika í Víkina.

FÓTBOLTI Gengi Vikings R. hefur tekið stakkaskiptum eftir að Logi Ólafsson sneri aftur á fornar slóðir og tók við þjálfun liðsins af Milos Milojevic 24. maí síðastliðinn. Þá sátu Víkingar í 9. sæti Pepsi-deildarinnar með þrjú stig eftir fjórar umferðir.

Núna, rúmum mánuði síðar, er Víkingur í 5. sæti deildarinnar með 14 stig, jafn mörg og Stjarnan og FH. Síðan Logi tók við stjórnar- taunumum í Víkinni hefur ekkert lið í Pepsi-deildinni náð í fleiri stig (11) en Víkingur. En hverju hefur Logi breytt á þessum eina mánuði í starfi?

„Ég held að Logi hafi fyrst og síðast komið með ákveðinn aga. Þetta er kannski blanda af agaðri varnarleik og betri liðsheild. Ég held að Logi hafi verið fullkominn fyrir þetta Víkingslið. Það þurfti einhvern sem lyfti þeim aðeins upp, færði þeim sjálfs- traust og gerði þá að heilsteypu liði. Þetta virðist vera vinnustaður þar sem mönnum líður vel,“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson,

einn sérfræðinga Pepsi-markanna á Stöð 2 Sport.

„Eins og staðan er núna lítur þetta hrikalega vel út. Val Víkinga á eftirmanni Milosar virðist hafa heppnast álika vel og þegar KR réði Willum [Þór Þórsson] í fyrra,“ bætti Óskar Hrafn við.

Logi er með skemmtilegri mönnum og landsþekktur fyrir kinnigáfu sína.

Óskar Hrafn segir það þó rangt að líta á Loga sem einhvern sprellikall.

„Hann er skemmtilegur maður en á sama tíma enginn trúður sem þjálfari. En það er ákveðinn léttleiki í kringum hann sem persónu og það hjálpaði til því maður hafði það á tilfinningunni að andrúmsloftið væri orðið svoltið þungt og þrugað,“ sagði Óskar Hrafn.

„Innan vallar

Skipstjórnin í brúnni. Víkingur hefur ekki enn tapað leik undir stjórn Loga.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann er skemmtilegur maður en á sama tíma enginn trúður sem þjálfari. En það er ákveðinn léttleiki í kringum hann sem persónu.

Óskar Hrafn Þorvaldsson

er kominn meiri agi og festa og Logi nær því besta úr mönnum sem virðist líða rosalega vel í Víkinni í dag. Og það er algjört frumskilyrði fyrir því að spila vel og vinna leiki.“

Logi hefur ekki þjálfað frá því hann var látinn fara frá Stjórnunni haustið 2013. Hann hefur talað um að hann vildi enda þjálfaraferilinn á annan og betri hátt og fékk tækifæri til þess hjá Víkingi, sama félagi og gaf honum fyrsta tækifærið til að þjálfa meistaraflokk karla árið 1990. Ári síðar gerði hann Víkinga að Íslandsmeisturum.

„Logi, með þann árangur sem hann hefur náð í gegnum tíðina, hefur auðvitað alltaf eitthvað að sanna. Hann er að verja ákveðinn orðstír og árangur sem hann hefur náð,“ sagði Óskar Hrafn sem telur að Logi hafi tekið rétta ákvörðun þegar hann valdi Bjarna Guðjónsson sem sinn aðstoðarmann.

„Þeir virðast ná mjög vel saman og Bjarni á örugglega sinn þátt í því að búa til þetta ljómandi fina andrúmslofti sem virðist vera í Víkinni.“
ingvithor@365.is

Æfingabólur
8.490 kr.

Vesti
7.990 kr.

ÆFÐU Í LIT

Hlaupapils
7.490 kr.

macron

Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

ER KOMINN TÍMI Á NÝTT RÚM?



ERGOMOTION E40+

TILBODSVERÐ ADEINS 24.746 KR. Á MÁNUÐI*

á meðan birgðir endast - vaxtalaust og fyrsta greiðsla í október 2017.

STADGREITT 282.217 kr.

rekkjan

HEILSURÚM



Þjónusta og traust í tæpa öld

Í tæpa öld hefur Ormsson þjónað landsmönnum á sviði heimilistækja og hafa mörg þeirra merkja sem prýða fyrirtækið verið hjá okkur í áratugi. Þetta endurspeglar traust viðskiptavina fyrirtækisins og fyrir það erum við þakklát.



ONKYO

Jamo

BRAUN

BANG & OLUFSEN

hama



SteamOne

ROHMELSBACHER

NIVONA



Í tilefni þessara tímamóta ætlar Ormsson á næstu mánuðum að bjóða góð tilboð á þeim gæðavörum sem verslunin hefur til sölu. Sölumenn okkar eru fagmenn á sínu sviði og viðskiptavinurinn gengur að því visu að fá bestu upplýsingar og ráðgjöf.



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

TÍMAMÓT



Ástkær móðir, tengdamóðir,
amma og langamma,

Anna Auðunsdóttir

kaupmaður,
Ásbraut 19 og Fannborg 8,
Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Kópavogskirkju
föstudaginn 30. júní kl. 13.

Margrét Harðardóttir
Ársæll Harðarson
Gíls Harðarson
Hörður Örn Harðarson
Guðni Pétur Harðarson
barnabörn, barnabarnabörn og systkini.

Pétur Björgvinsson
Ingibjörg Kristjánsdóttir

Lene Samsøe-Jensen
Toy Klonghauybong
barnabörn og systkini.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Sóley Friðfinnsdóttir

áður til heimilis að Brekkugötu 9,
Akureyri,

lést á Öldrunarheimilinu Hlíð 21. júní.
Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju
mánudaginn 3. júlí kl. 13.30. Innilegar þakkir til starfsfólks
á Áspar- og Beykhlíð fyrir hlýja og góða umönnun.

Sævar Örn Bergsson
Eygló Inga Bergsdóttir
Sóley Kristín Sigurðardóttir

Sigurður Jóhannsson
Guðmundur Óli
Steingrímsson

Jóhann Sigurðsson
Sigurður Barði, Magni Freyr og aðrir aðstandendur.

Silvía Rán Sigurðardóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

Guðmundur Rafn Pétursson

Melateig 23, Akureyri,

andaðist á Sjúkrahúsi Akureyrar
25. júní. Útförin fer fram í kyrriþey
að ósk hins látna. Þökkum starfsfólki
skurðlækningadeilda fyrir yndislega
umhyggju og hlýhug.

Sigrún Gunnarsdóttir
Sigríður Björk Guðmundsdóttir

Rögvaldur Dofri
Pétursson

Birgitta Guðmundsdóttir
Elling Guðmundsson
Ellen Guðmundsdóttir

Jón Þór Gunnarsson
Ester Stefánsdóttir
Jónas Bjarnason

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir
okkar og tengdafaðir,

Skarphéðinn Valdimarsson

Sóltúni 9,

lést á Landakoti laugardaginn 24. júní.

Hildur Ágústsdóttir
Ragna Dúfa Skarphéðinsdóttir
Guðmundur Kjalar Jónsson
Ágúst Skarphéðinsson
Jóhann Þröstur Skarphéðinsson



Dóttir mín,

Guðrún Oddný
Hákonardóttir

er látin.

Jarðarförin hefur farið fram.

Fyrir hönd barna hennar, barnabarna og systkina,
Hákon Tryggvason

Heldur upp á endurnýjunina

Baldvin Snær Hlynsson gaf í maí út plötuna *Renewal*, djassplötu þar sem hann semur öll lögin og spilar á píanó. Í kvöld heldur hann upp á útgáfuna með tónleikum í Norræna húsinu. Með honum koma fram margir færustu tónlistarmenn landsins.

Baldvin Snær Hlynsson sendi frá sér sína fyrstu plötu, *Renewal*, 4. maí síðastliðinn. Í kvöld heldur hann svo tónleika í Norræna húsinu þar sem útgáfunni verður fagnað – en tónleikarnir eru einnig hluti af tónleikaröð Norræna hússins þar sem rjóminn af íslenskri djass- og þjóðlagatónlist er fluttur. Með Baldvini koma fram Bjarni Már Ingólfsson, Ari Bragi Kárason, Einar Scheving og Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson – en þeir spila líka með honum á plötunni.

Má ekki segja að þessir strákar séu svona sirkabát landsliðið í íslenskum djassi? „Það má alveg orða það þannig. Þeir eru allir í miklu uppáhaldi hjá mér og algjörir snillingar. Bæði eru þeir frábærir spilarar og einstaklega góðir karakterar líka,“ segir Baldvin sem er einungis 19 ára og útskrifaðist úr MH í vor.

Það eru nú ekki margir á þeim aldri að gefa út djassplötur með svona kempum? „Svo sem ekki. Annars var þetta bara ótrúlega skemmtilegt verkefni og mikill



Baldvin Snær heldur upp á sína fyrstu plötu í Norræna húsinu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

lærdómur að vinna með svona mönnum. Ég lærði líka rosalega mikið á því að vinna með hljóðmanninum mínum,

honum Kjartani Kjartanssyni – hann er alveg ótrúlegur náungi, klár og mikill „mentor“.“ stefanthor@frettabladid.is



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Njörður Marel Jónsson

Brattholti, Biskupstungum,

sem lést á gjörgæsludeild
Landspítalans í Fossvogi mánudaginn
19. júní, verður jarðsöngin frá

Skálholtskirkju laugardaginn 1. júlí klukkan 11.
Við þökkum starfsfólki bráðadeilda Landspítalans og
sjúkrahúspresti fyrir umönnun og auðsýnda alúð.

Guðrún Lára Ágústsdóttir

Linda Margrét Njarðardóttir
Jón Kjartan Bragason

Jón Harry Njarðarson

Harpa Viðarsdóttir

Kristján Ágúst Njarðarson

Elfa Björk Magnúsdóttir

Svavar Njarðarson

Þóra Björg Ólafsdóttir

Sigurjón Njarðarson

Henný, Grétar, Steinar Bragi, Eva Ósk, Elin Helga, Óðinn,

Sólvi, Ástís Lára, Lára Sif, Edda Sjöfn.



Eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir og afi,

Guðmundur Júlíusson

frá Hellissandi,
kaupmaður, til heimilis að
Laugarásvegi 54, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala 15. júní sl.
Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn
30. júní kl. 15.

Katrín Stella Briem

Fríðrik Ármann Guðmundsson

Rúna Hauksdóttir
Hvannberg

Pétur Alan Guðmundsson

Snorri Örn Guðmundsson

Rúna Friðriksdóttir

Katrín Stella Briem Friðriksdóttir

Maja Snorradóttir

Arna Snorradóttir

Lisa Knutsson

Mattia Pozzi



Elskuleg dóttir okkar,
systir og mágkona,

Lilja Sturludóttir

skrifstofustjóri,
Bólstaðarhlíð 16,
Reykjavík,

lést 22. júní á krabbameins-
lækningadeild Landspítalans við Hringbraut.

Sturla Þórðarson
Kjartan Sturluson
Halldór Sturluson

Ásta Garðarsdóttir
Kristín Gunnarsdóttir
Heba Eir Kjeld Jónasdóttir



Ástkær móðir okkar,
amma og langamma,

Ragna Esther
Guðmundsdóttir

Norðurbú 2, Garðabæ,

lést sunnudaginn 25. júní á hjartadeild
Landspítalans. Hún verður jarðsöngin frá
Garðakirkju fimmtudaginn 29. júní kl. 15.00.

Sigurjón Simonarson

Guðmundur Simonarson

Simon Ragnar Guðmundsson

Ester Ágústa Guðmundsdóttir

og langömmubörn.

Guðný Jónsdóttir

Jón Gunnar Sigurðarson



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Sæmundsdóttir

Vallargötu 25,
Keflavík,

sem lést mánudaginn 12. júní, verður
jarðsöngin frá Keflavíkarkirkju,
föstudaginn 30. júní kl. 13.

Valdimar S. Gunnarsson
Sæmundur Valdimarsson

Gunnar B. Valdimarsson

Sveinn Valdimarsson

Rúnar Gíslí Valdimarsson

barnabörn og langömmubörn.

Herdís Óskarsdóttir

Sigríður H. Guðmundsdóttir

Brynja Eiríksdóttir

Guðrún Huldr Kristinsdóttir

Valdimar S. Gunnarsson

Guðrún Huldr Kristinsdóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

Jónas Hallgrímsson

áður til heimilis að Bäsenda 1,

lést að morgni sunnudagsins 25. júní
2017 á Hrafnistu í Reykjavík.

Hulda Sigríður Ólafsdóttir

Hallgrímur Jónasson

Guðrún Jónasdóttir

Helga Jónasdóttir

Elisabet Jónasdóttir

Ólafur Jónasson

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðríður Kristófersdóttir

Eiríkur Páll Eiríksson

Jóna Sigrún Hjartardóttir

Valdimar S. Gunnarsson

Guðrún Huldr Kristinsdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða
hringja í síma 512 5000.


MARKAÐURINN

Miðvikudagur 28. júní 2017

25. tölublað | 11. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL




ROLEX
OYSTER PERPETUAL
DAY-DATE 40




MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

Bandarískir fjárfestar kaupa eina stærstu hótelkeðjuna



JL Properties, sem er í eigu ríkasta manns Alaska, er að ganga frá kaupum á Keahótelum sem reka átta hótél víðsvegar á landinu. Fjárfestingarfélagið Varða Capital gæti keypt um fjórðungshlut á móti bandaríska fasteignafélaginu. Heildarkaupverðið í kringum 6 milljarðar. »2



»4 Lífeyrissjóðir heppilegir inn- viðafjárfestar

Framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga segir ríkið ekki hafa bolmagn til að sinna hundraða milljarða fjárfestingarþörf í innviðum á næstu árum.

»2 Sigurður Bolla kaupir hlut TM í Kviku banka

Félag í meirihlutaugu Sigurðar Bollasonar fjárfestis hefur keypt tæplega þriggja prósent hlut í Kviku af TM og á eftir viðskiptin samtals 9,92 prósent í bankanum.

»8 Kjarninn tapaði 15 milljón króna í fyrra

Vefmiðillinn Kjarninn var rekinn með 14,9 milljóna króna tapi á árinu 2016 sem er svipuð niðurstaða og árið áður þegar afkoman var neikvæð um 16,7 milljónir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

SUMARTILBOÐ Á LINSUM

DAILIES TOTAL
daglinsur
3 pakkar
(90 stk.)
kr. 9.875.-



ACUVUE MOIST
daglinsur
3 pakkar
(90 stk.)
kr. 7.750.-



TVEGGJA
VIKNA- OG
MÁNAÐARLINSUR
EINNIÐ Á
TILBOÐI

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Félag Sigurðar Bollasonar á 9,9 prósent í Kviku eftir kaup á hlut TM

Félag í meirihlutaeigu Sigurðar Bollasonar fjárfestis hefur keypt tæplega þriggja prósent hlut í Kviku banka af Tryggingamiðstöðinni (TM) og á eftir viðskiptin samtals 9,92 prósent í fjárfestingarbankanum. Gengið var frá kaupunum í síðustu viku en félagið RES II, sem er jafnframt að 30 prósent hluta í eigu Gunnars Henriks B. Gunnarssonar, fjárfestis og eiganda gleraugnaverslunarinnar Prooptik, er nú næststærsti hluthafi Kviku á eftir tryggingafélaginu VÍS sem á um 25 prósent hlut í bankanum.

Eignarhlutur TM, sem átti 3,6 prósent hlut í Kviku fyrir söluna, er núna tæplega 0,7 prósent en félagið var áður í hópi stærstu hluthafa bankans.

Kaup RES II á stærstum hluta bréfa TM í Kviku koma í kjölfar þess að félagið tók yfir fyrr í þessum mánuði sjö prósent hlut fjárfestingarfélagsins Grandier sem var í jafnri eigu Sigurðar og Dons McCarthy, fyrrverandi stjórnarformanns House of Fraser. Gunnar kom þá nýr inn í hluthafahóp Kviku samhliða því að kaupa hluta af bréfum McCarthy en hann hefur dregið úr fjárfestingum sínum á Íslandi vegna veikinda sem hann hefur glímt við. Auk þess að vera hluthafi í Kviku á Gunnar, ásamt eigin konu sinni Lovísu Ólafsdóttur, meðal annars 9,5 prósent hlut í verðbréfafyrirtækinu ALM Verðbréf.

Sigurður Bollason kom fyrst inn í eigendahóp Kviku í lok nóvember í fyrra þegar félagið Grandier eignaðist sjö prósent hlutinn í bankanum. Á sama tíma og Sigurður og

70%

er hlutur Sigurðar Bollasonar í RES II en félagið er næststærsti hluthafi Kviku með 9,92 prósent.

McCarthy komu inn í hluthafahóp bankans fyrir um sjö mánuðum keyptu hjónin Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir og Guðmundur Örn Þórðarson, fyrrverandi aðaleigendur Skeljungs, átta prósent hlut í Kviku í gegnum félagið K2B fjárfestingar. Þau eiga sömuleiðis um átta prósent í VÍS og er Svanhildur Nanna stjórnarformaður félagsins.

Tilkynnt var um það í síðustu viku að stjórn Kviku hefði gert kauptilboð í allt hlutfé Virðingar sem gildir til 30. júní næstkomandi. Kaupverðið samkvæmt tilboðinu nemur 2.560 milljónum og verður greitt með reiðufé. Á árinu 2016 nam hagnaður Kviku um tveimur milljörðum og arðsemi eigin fjár var 34,7 prósent. Þá var hagnaður bankans eftir skatta á fyrsta fjórðungi þessa árs tæplega 400 milljónir, sem var talsvert umfram áætlun. Eigið fé Kviku í lok mars nam tæplega 7,5 milljörðum króna.

hordur@frettabladid.is

Sigurður Bollason kom fyrst inn í hluthafahóp Kviku í nóvember í fyrra þegar félagið Grandier keypti sjö prósent í bankanum.



MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFLÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 512 5000 | Fax 512 5301

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@markadurinn.is Veffang visir.is

Fasteignafélag í eigu ríkasta manns Alaska að kaupa Keahótel

JL Properties, sem er í eigu ríkasta manns Alaska, er að ganga frá kaupum á einni stærstu hótellekju landsins. Fjárfestingarfélagið Varða Capital gæti keypt um fjórðungshlut á móti bandaríska fasteignafélaginu. Kaupverðið um 6 milljarðar.

Bandaríska fjárfestingar- og fasteignapróunarfélagið JL Properties, sem er með aðsetur í Anchorage í Alaska, er að ganga frá kaupum á eignarhaldsfélaginu Keahótelum, einni stærstu hótellekju landsins. Gert er ráð fyrir því að kaupsamningur verði tilbúinn á allra næstu dögum, samkvæmt heimildum Markaðarins, en Keahótel reka samtals átta hótél víðsvegar um landið, meðal annars Hótel Borg og Apótek Hótel í Reykjavík. Heildarkaupverðið á hótellekjunnar verður í kringum sex milljarðar króna.

Ekki hefur enn verið endanlega frágengið hvort JL Properties muni kaupa allt hlutfé Keahótela en víðræður hafa staðið yfir við fjárfestingarfélagið Varða Capital um að það hafi einnig aðkomu að viðskiptunum og kaupum um það bil fjórðungshlut, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eigendur Varða Capital eru Grímur Gardarson, Jónas Hagan Guðmundsson og Bandaríkjamadurinn Edward Mac Gillivray Schmidt. Fjárfestingarfélag þeirra kom meðal annars að fjármögnun lúxushótelsins við Hörpu og er í hópi stærstu hluthafa Kviku banka með um 7,7 prósent hlut.

Á meðal þeirra sem eru að selja hlut sinn í Keahótelum er Horn II, framtakssjóður í rekstri Landsbréfa, en um þrjú ár eru liðin síðan sjóðurinn festi kaup á 60 prósent hlut í hótellekjunnar. Aðrir hluthafar Keahótela eru Tröllahvönn ehf., sem á 32 prósent hlut í hótellefölaginu, og Páll L. Sigurjónsson, framkvæmdastjóri Keahótela, en hann á átta prósent hlut í gegnum félagið Selen ehf. Eigendur Tröllahvönnar eru Andri Gunnarsson, Kristján M. Grétarsson, Fannar Ólafsson og Þórður Hermann Kolbeinsson. Hluthafar Keahótela settu félagið í söluferli í ársbyrjun, eins og greint var frá í Markaðnum 1. febrúar síðastliðinn, en það voru einkum erlendir fjárfestar sem sýndu hótellekjunnar áhuga á meðan á ferlinu stóð, samkvæmt heimildum. Íslandsbanki hefur verið ráðgjafi seljenda við söluferlið.

JL Properties er stærsta fasteignapróunarfélagið í Alaska en auk þess hefur fyrirtækið meðal annars



EBITDA-hagnaður Keahótela var um milljarður í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Jonathan B. Roubini, stjórnarformaður og forstjóri JL Properties



Jónas Hagan Guðmundsson, hluthafi í Varða Capital

komið að fjárfestingu í hótelvefnum í Utah og Flórída. Stjórnarformaður og forstjóri JL Properties er Jonathan B. Roubini en samkvæmt árlegri úttekt tímaritsins Forbes var hann ríkasti maður Alaska árið 2015. Þetta er í annað skipti á skömmum tíma sem fjárfestingarfélag með aðsetur í Anchorage í Alaska kemur að kaupum á íslensku fyrirtæki en fyrr á þessu ári var endanlega gengið frá kaupum eignastýringarfyrirtækisins PT Capital á helmingshlut í fjarskiptafélaginu Nova. Ráðgjafi PT Capital, rétt eins og í kaupum JL Properties á Keahótelum, voru Íslensk verðbréf. Rekstur Keahótela hefur gengið afar vel á undanförunum árum.

Hagnaður félagsins á árinu 2015 nam 263 milljónum króna og næstum tvöfaldaðist frá fyrra ári. Þá var velta hótellekjunnar tæplega 1,7 milljarðar króna og jókst um líðlega 500 milljónir króna frá árinu 2014. EBITDA-hagnaður félagsins – afkoma fyrir fjármagnsliði, skatta og afskriftir – var um 372 milljónir á árinu 2015 og hækkaði um meira en 200 milljónir á milli ára. Ekki er enn búið að birta ársreikning fyrir síðasta rekstrarár en samkvæmt upplýsingum Markaðarins jókst EBITDA-hagnaður Keahótela umtalsvert á árinu 2016 og var samtals um einn milljarður. Sú aukning stafar einkum af því að hótelherbergjum sem heyra undir rekstur samstæðunnar fjölgaði mikið á tímabilinu vegna opunar tveggja nýrra hótela í árslok 2015.

Keahótel reka sem fyrr segir átta hótél, fimm í Reykjavík og þrjú á Norðurlandi, en á síðustu tveimur árum hefur félagið opnað tvö ný hótél í Reykjavík – hótelin Skugga og Storm. Önnur hótél sem félagið starfrækir eru Reykjavík Lights, Apótek og Borg sem er að finna í Reykjavík. Á Akureyri eru hótelin tvö – Hótel Norðurland og Hótel Kea – auk þess sem Keahótel reka hótelið Gíg í Mývatnssveit. hordur@frettabladid.is

Má áfram nota nafnið Gamma

Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði síðasta föstudag frá kröfu fasteignafélagsins Gamma ehf. um að fjármálfyrirtækinu Gamma Capital Management yrði bannað að nota heitið Gamma í fasteignaviðskiptum. Einkaleyfisskráning Gamma ehf. á sviðum viðskiptaráðgjafar, rekstrarstjórnunar og skipulagsráðgjafar var þá ógilt.

Gamma Capital Management stefndi Gamma ehf. og krafðist þess að vörumerkjaskráningin yrði ógilt. Fasteignafélagið gagnstefndi fjármálfyrirtækinu og krafðist þess að því yrði bannað að nota heitið Gamma í atvinnustarfsemi sinni þegar kæmi að umsjón með íbúðarhúsnæði, leigu þess og öðrum fasteignaviðskiptum. Héraðsdómur taldi ekki sannað að Gamma Capital Management hefði notað vörumerkið til slíkra viðskipta. Gamma Capital Management á og rekur Almenna



Valdimar Ármann er forstjóri Gamma Capital Management á Íslandi. MYND/GAMMA

leigufélagið, annað stærsta leigufélag landsins á almennum markaði, en Gamma ehf. á og leigir út fasteignir í miðbæ Reykjavíkur.

Markaðurinn fjallaði um deiluna um miðjan janúar síðastliðinn og sagði Magnús Stephensen, stjórnarformaður og einn eigenda Gamma ehf., þá að nafnið Gamma væri búið að vera í fjölskyldu hans síðan 1969 þegar faðir hans rak samnefnt fyrirtæki. Samkvæmt dómi héraðsdóms fór félag hans fyrst fram á að nafni Gamma Capital Management, sem hét áður GAM Management, yrði breytt í ágúst 2009.

Gamma ehf. er í eigu Magnúsar og Hannesar Hilmarssonar, forstjóra flugfélagsins Atlanta. Firmaheiti félagsins var skráð árið 2005. Gamma Capital Management er öllu umsvifameira fjármálfyrirtæki, með yfir 115 milljarða króna í styringu, og stofnað árið 2008. – hg



Sjónvarpsdreifikerfi fyrir hótél, gistiheimili og skip.

ÖREIND – Tengir þig við framtíðina!

Auðbrekku 3 • Kópavogur • s. 564 1660
oreind@oreind.is • www.oreind.is

 **SART** SAMTÖK RÁFVERKTAKA

SUMARLEIÐIN

11GB

FYRIR AÐEINS

2.590 KR.

Á mánuði

Fullt af **gagnamagni**
fyrir aðeins minna.

Ríkið getur ekki sinnt allri þörfinni

Framtakssjóður í eigu lífeyrissjóða hefur rætt við núverandi og síðustu ríkisstjórn um mögulega aðkomu að innviðafjárfestingum. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir ríkið ekki hafa bolmagn til þess að sinna fjárfestingarþörfinni sem nemi mörg hundruð milljörðum á næstu árum. Hann vill skipta Isavia upp í þrjú félög og fá einkafjármagn inn í flugvallareksturinn.

Kristinn Ingi Jónsson
kristinngi@frettabladid.is

Forsvarsmenn Innviða fjárfestinga slhf., framtakssjóðs sem hefur það hlutverk að fjárfesta í ýmsum innviðum hér á landi, hafa rætt við núverandi og síðustu ríkisstjórn um mögulega aðkomu sjóðsins að fjármagnsfrekum samgönguframkvæmdum í kringum höfuðborgarsvæðið, til að mynda Sundabraut og nýjum Hvalfjarðargöngum. Framkvæmdastjóri sjóðsins segir fjárfestingarþörfina í vegakerfinu, sem og öðrum innviðum, knýjandi. Hið opinbera hafi ekki bolmagn til þess að sinna allri þörfinni en aðkoma lífeyrissjóða séu afar heppilegir fjárfestar í innviðum.

Ómar Örn Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir í samtali við Markaðinn að fyrir utan knýjandi þörf á uppbyggingu nýrra innviða séu innviðir einnig byrjaðir að skemmast hratt. Viðhaldi hafi ekki verið sinnt sem skyldi og fjárfestingarþörfin hafi safnast upp. Þörfin er talin nema um sex til sjö hundruð milljörðum króna á næstu tíu árum, en Ómar Örn bendir á að sú fjárhæð geti hækkað fljótt ef ekki verði hafist handa við uppbyggingu strax.

„Notkun innviðanna hefur aukist hratt og þörfin er aðkallandi. Og það er með innviðina eins og annað að ef þeim er ekki sinnt, bæði viðhaldi og uppbyggingu, þá verður það alltaf dýrara og dýrara eftir því sem tíminn líður,“ segir hann.

Sjóðurinn er í eigu lífeyrissjóða en honum er ætlað að fjárfesta í því sem kallað er hagrænir innviðir. Sjóðnum er stýrt af Summu rekstrarfélagi í samstarfi við Ursus, fjárfestingarfélag Heiðars Guðjónssonar. Áskriftarloforð nema um átta milljörðum króna frá sautján lífeyrissjóðum en lífeyrissjóðirnir munu fjárfesta með sjóðnum í verkefningum sem þeir telja álitleg. Er fjárfestingargetan því um þrjátíu milljarðar í heildina og er þá miðað við að eingöngu sé fjárfest fyrir eigin fé. Með lánsfjármögnun geta verkefnið orðið mun stærri.

Ómar Örn segir að héraendis eigi hið opinbera næstum alla innviði landsins, ólíkt því sem tíðkist í öðrum ríkjum. „Þrátt fyrir að við höfum notið mikils hagvaxtar og vel hafi gengið að komast út úr kreppunni, þá er ekki eins og hirslur hins opinbera séu fullar af peningum. Ríkið skuldar mikið, yfir 1.800 milljarða ef lífeyrisskuldbindingar eru teknar með í reikninginn, og hefur hreinlega ekki bolmagn til þess að ráðast í alla þá uppbyggingu sem þörf er á.“



Mjög hefur dregið úr fjárfestingu í innviðum hér á landi á síðustu árum. Á árunum 1990 til 2008 nam árleg nýfjárfesting í innviðum um 5,5 prósentum af vergri landsframleiðslu að meðaltali en hlutfallið var 3,8 prósent í fyrra. Hlutfallið náði sögulegu lágmarki 2012 þegar það var 2,5 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ MARINÓ

Hann bendir á að hið opinbera þurfi að bera þungann af uppbyggingu félagslegra innviða, svo sem skóla, sjúkrahúsa, fangelsa, vegasamgangna á landsbyggðinni og annarrar þjónustu sem er veitt og niðurgreidd af hinu opinbera. Fjárfestingarþörfin í slíkum innviðum sé metin í hundruðum milljarða.

Hins vegar geti einkafjárfestar, einkum lífeyrissjóðir, létt undir með stjórnvöldum og dreift áhættunni þegar komi að uppbyggingu hagrænna innviða, svo sem orkuframleiðslu, hafna, vega og annarra samgöngumannvirkja, sér í lagi í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, fjarskipta og vatns-, hita- og fráveitna, svo nokkur dæmi séu tekin.

Polinmótt fjármagn
„Með því að lífeyrissjóðir fjárfesti í hagrænum innviðum skapast mun meira svigrúm fyrir hið opinbera til þess að setja auknið fjármagn í félagslega innviði,“ segir Ómar Örn og tekur samgönguframkvæmdir sem dæmi: „Ef það væri til dæmis hægt að fá lífeyrissjóðina til þess að taka þátt í þessum dýru framkvæmdum í kringum höfuðborgarsvæðið, þá myndi það losa um fjármagn hjá hinu opinbera sem mögulegt yrði að nýta í framkvæmdir á landsbyggðinni, þar sem þörfin er líka mikil.“

Hagnaður Summu sextánfaldadist

Summa rekstrarfélag er í meiri hlutaeigu eignarhaldsfélagsins Megindar, sem er í jafnri eigu fjögurra starfsmanna Summu, þeirra Ómars Arnar, Sigurgeirs Tryggvasonar, Haralds Óskars Haraldssonar og Hrafnkels Kára-sonar. Megind á 75 prósent hlut í félaginu, en Íslandsbanki 25 prósent. Megind keypti 26 prósent hlutafjár af bankanum í fyrra. Hagnaður Summu nam 242,7 milljónum króna í fyrra samkvæmt ársreikningi félagsins og rúmlega sextánfaldadist á milli ára. Eignir þess námu 367,8 milljónum í árslok og var eiginfjárlutfallið 74 prósent.

600-700

milljarðar er áætluð fjárfestingarþörf í innviðum á næstu tíu árum.

hætti og þær, einkum með tilliti til vaxta- og verðbólguáhættu. „Þannig að það má segja að innviðafjárfestingar henti lífeyrissjóðunum vel og aðkoma lífeyrissjóðanna henti samfélaginu sömuleiðis vel.“

Í viðræðum við stjórnvöld

Líkt og Markaðurinn hefur greint frá hefur áhugi fjárfesta á því að kaupa hlut í flugstöð Leifs Eiríkssonar aukist nokkuð að undanfögnu. Í nýlegu áliti meirihluta fjárlaganefndar Alþingis við fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar kom fram að tímaþætt væri að opna umræðu um að

Það er með innviðina eins og annað að ef þeim er ekki sinnt þá verður það alltaf dýrara og dýrara eftir því sem tíminn líður.

Ómar Örn Tryggvason, framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga



ríkið „leiti leiða til að umbreyta því fjármagni sem bundið er í mannvirkjum í flugstöðinni í Keflavík og nota það til átaks í endurbótum samgöngumannvirkja“. Nokkur umræða spratt upp um umrætt álit sem varð til þess að Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, áréttaði að sala á flugstöðinni hefði ekki verið rædd innan ríkisstjórnarinnar. Ekkert hefði verið ákveðið í þeim efnum. Um leið greindi hann frá því að nokkrir fjárfestar hefðu sett sig í samband við ráðuneytið og lýst yfir áhuga á að koma að rekstri flugstöðvarinnar. Fundaði ráðherrann meðal annars með Ómari Erni og Sigurgeiri Tryggvasyni, framkvæmdastjóra Summu, um málið, en áður höfðu þeir átt í viðræðum við síðustu ríkisstjórn um sama mál.

Þeir hafa auk þess rætt við stjórnvöld um aðkomu sjóðsins að stórum og fjármagnsfrekum samgönguframkvæmdum í kringum höfuðborgarsvæðið, svo sem Sundabraut og nýjum Hvalfjarðargöngum. Ýmsar fjárfestingar í orkukerfinu og fjarskiptum eru enn fremur til skoðunar.

Ómar Örn segir að fjárfestingarþörfin á Keflavíkurflugvelli sé mikil, eða um 120 milljarðar króna. Sterk rök standi til þess að fleiri en ríkið komi að slíkri fjárfestingu, þá fyrst og fremst lífeyrissjóðirnir sem geti stuðlað að því að uppbyggingin gangi hraðar fyrir sig. „Það er misjafnt í heiminum hvort flugvellir séu í eigu hins opinbera eingöngu, einkafjárfesta eingöngu eða í blandari eigu. Um helmingur flugvallanna innan Evrópusambandsins er í eigu einkaaðila, þá aðallega lífeyrissjóða, eða í blandari eigu opinberra aðila og einkaaðila. Hins vegar fara um 75 prósent af heildarfarþegaþöföldu gegnum flugvelli sem eru annaðhvort í eigu einkaaðila eða blandari eigu,“ útskýrir hann.

Að mati Ómars Arnar væri skynsamlegt að skipta Isavia upp í þrjú félög, þ.e. eitt utan um flugvallarekstur, annað utan um innanlandsflug og það þriðja utan um flugumferðarstjórn. Það er nokkuð á skjön við afstöðu Björns Óla Haukssonar, forstjóra Isavia, sem hefur lýst því yfir að óskynsamlegt sé að adskilja tvo helstu tekjustrauma flugvallarins og bíta félagið þannig niður.

Ómar Örn bendir á, máli sínu til stuðnings, að Keflavíkurflugvöllur sé alþjóðlegur flugvöllur sem eigi í harðri alþjóðlegri samkeppni. Með því að skipta félaginu upp yrði áhættureksturinn adskilinn frá flugumferðarstjórn og öll stjórnun þar með markvissari, en eins og sakir standa er ein stjórn með öll þrjú sviðin á sinni könnu.

Hann segir viðbrögðin úr stjórnkerfinu við áhuga sjóðsins hafa almennt verið jákvæð. „Við höfum ekki enn þá hitt neinn sem er ósamála grunnhugsuninni okkar um að það sé skynsamlegt að fá lífeyrissjóðina til þess að fjárfesta í hagrænu innviðunum og létta þannig undir hinu opinbera. Auðvitað eru menn með mismunandi skoðanir á mögulegum útfærslum, en almennt hafa skilaboð okkar mælst vel fyrir.“



MIDVIKUDAGUR 28. JÚNÍ 2017

Gólfefni



Svava Björk Jónsdóttir MA arkitekt segir Íslendinga vera orðna tilraunaglaðari þegar kemur að innanhússhönnun. Íslensk heimili þurfi ekki að vera einsleit.

[gólfefni](#) ➔4

333 kr á dag*

SKEMMTIPAKKINN

*9.990.- á mánuði.

365.is | Sími 1817 **365**



„Við hófum sölu á þessu parketi seint í vetur og það hefur fengið góðar viðtökur enda verðið lægra hjá okkur en almennt gerist á markaðinum,“ segir Örn Haraldsson, sölustjóri í verslun BYKO í Breiddinni. MYNDIR/EYBÓR

Hentar í öll rými hússins

Vínyl korkparketið er nýjasta varan í góðu úrvali BYKO verslananna. Korkparket hefur þann eiginleika að vera vatnshelt og hentar því vel í öll rými hússins. ➔2



Stofan fær bjart og fallegt yfirbragð með vinyl korkparketinu.

Framhald af forsiðu →

BYKO hefur ætíð fylgst vel með straumum og stefnum í gólfefnum, bæði parketi og flísam, frá því fyrsta verslunin var opnuð hér á landi snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Í dag má finna mikið úrval af alls kyns parketi í verslunum BYKO, þá helst flísaparket, harðparket og viðarparket. Auk þess bjóða verslanir BYKO upp á gott úrval flísa, t.d. glerjaðar flísar, granitflísar og mósaikflísar. Nýjasta varan í fjölbreyttri vöruflöru gólfefna hjá BYKO er þó vinyl korkparket, að sögn Arnar Haraldssonar, sölustjóra í verslun BYKO í Breiddinni.

„Við höfum sölu á þessu parketi seint í vetur og það hefur fengið góðar viðtökur enda verðið lægra hjá okkur en almennt gerist á markaðinum. Parketið er unnið úr korki og hefur þann eiginleika umfram annað parket að það er vatnshelt og hentar þar af leiðandi í öll rými hússins, t.d. í baðherbergið. Annar stór kostur þessa parkets er sá að einfalt er að skipta um borð ef slys verður, ólíkt t.d. harðparketi og spónlögðu parketi.“

Hlýlegra viðkomu

BYKO býður upp á bæði 6 og 10 mm parket með korkundirlagi. Í dag eru tveir litir í boði og aðrir þrír litir eru á leiðinni, að sögn Arnar. „Þetta parket hefur líka þann stóra kost að það hefur góða hljóðeinangrun upp á 16 db. Því er ekki nauðsynlegt að setja svamp eða hljóðeinangrandi undirlag eins og alltaf þarf þegar lagt er harðparket eða spónlagt

“Bæði almenningur og fyrirtæki eru miklu meðvitaðri um þessi mál en áður og þar erum við engin undantekning. Sem dæmi má nefna að öll gólfefni í fyrsta umhverfsvottaða íbúðarhúsinu hér á landi, sem verið er að byggja í Urriðaholti í Garðabæ, eru frá okkur.

Örn Haraldsson

parket. Korkparketið er auk þess mun hlýlegra viðkomu en hefðbundið parket.“

BYKO hefur líka haft það leiðarljósi að gólfefni þeirra séu gerð úr endurvinnanlegum efnum, að sögn Arnar. „Bæði almenningur og fyrirtæki eru miklu meðvitaðri um þessi mál en áður og þar erum við engin undantekning. Sem dæmi má nefna að öll gólfefni í fyrsta umhverfsvottaða íbúðarhúsinu hér á landi, sem verið er að byggja í Urriðaholti í Garðabæ, eru frá okkur. Öll efni hafa verið samþykkt af vottunaraðila hússins, til notkunar í því húsi, þar á meðal flísarnar og parketið frá okkur.“

Úrval gólfefna má kynna sér í öllum verslunum BYKO þótt mesta úrvalið sé í Breiddinni.



Vinyl korkparketið setur skemmtilegan svip á opið rými í eldhúsinu.



Vinyl korkparket hefur þann eiginleika umfram annað parket að það er vatnshelt og hentar þar af leiðandi í öll rými hússins, t.d. í baðherbergið.



Parketið hefur þann þann stóra kost að það hefur góða hljóðeinangrun upp á 16 db.



Vinyl korkparketið hefur fengið góðar viðtökur enda á lægra verði en almennt gerist á markaðinum.



Starfsmenn Epoxy Gólfa fara um allt land og vinna ýmiss konar lausnir með epoxy gólfefnum.

Epoxy gólf sterk og endingargóð

Epoxy Gólf ehf. sérhæfir sig í epoxy gólfefnum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Epoxy gólf eru samskeytalaus og niðsterk. Þau henta vel þar sem kröfur eru gerðar um hreinlæti og langa endingu.

Hreinn Lindal Hreinnsson, einn eigandi Epoxy Gólfa, segir langa reynslu í fyrirtækinu og að mikil áhersla sé lögð á vönduð vinnubrögð og góða þjónustu. Epoxy Gólf er fjölskyldu-fyrirtæki en faðir Hreins hefur starfað við epoxy gólfefni í meira en þrjátíu ár. „Við höfum mikla þekkingu og vinnum öll okkar verk af fagmennsku,“ segir Hreinn.

„Epoxy gólf henta mjög vel fyrir heimili enda eru efnin nánast lyktarlaus. Þetta er rosalega vinsælt efni í bílskúra þar sem þetta er samskeytalaust gólf, niðsterkt og algjörlega vatnshelt. Einnig er mjög auðvelt að þrifa gólf og halda því fallegu. Epoxy hentar einnig vel á þvottahús og badherbergi, til dæmis í sturtuklefa. Við leggjum efnið upp á vegg þannig að við getum búið til sturtuklefa. Efnið er algjörlega vatnshelt og hentar því vel í sturtuklefum og í öllum blautrymum þar sem slitlagið þarf að vera sterkt,“ útskýrir Hreinn. „Núna er hægt að velja um fjölbreytt úrval lita eftir því sem hentar hverjum og einum. Við erum með þrjár tegundir af máluðum epoxy gólfum, þá er kvartсандur settur yfir og hann síðan litaður. Það er þykkara efni en hið hefðbundna og þar af leiðandi slitsterkara. Þessi tegund af gólfefni er hákvarin og hentar vel í frystihúsum og á þeim stöðum þar sem bleyta er mikil og lyftarar keyra um,“ segir Hreinn og bendir á að þetta sé mjög gott efni þar sem leki hefur orðið, til dæmis höfum við sett efnið á sprungur og á plötuskil. Efnið þéttir vel. Við



Steinteppi í stofu.

höfum sett epoxy á slétt þök á bílskúrum til þess að koma í veg fyrir vatnsleka.“

Hreinn segir að þeir bjóði líka epoxy málningu fyrir vegg í mörgum litum, háglans eða matta. „Hún er svo sterk og sveigjanleg að það má háþrýstipvo hana. Málningin hentar vel þar sem mikið þarf að spúla og þrifa eins og á almenningsalernum.“

Hjá Epoxy Gólfum er einnig í boði marmarasteinteppi sem hafa verið mjög vinsæl. „Það má setja steinteppi á alla íbúðina, stofu, stiga, sólhús eða svalir. Við höfum sett efnið á fjölmargar svalir á öllu landinu. Sömuleiðis hafa stein-



teppin verið vinsæl í verslunarrýmum og á skrifstofum. Hægt er að velja um mismunandi grófleika á steinteppinu. Við reynum alltaf að vera með nýjungar í litum.“

Þessa dagana er mjög vinsælt að vera með gólfín flotuð á heilu íbúðunum eða verslunarrýmum. Yfir flotið er sett epoxy glæra sem er ýmist háglans eða með matti áferð. Epoxy áferðin yfir flotið gefur styrkingu og lengir líftíma gólfsins.

Hreinn segir að verkefni séu margvísleg. „Þetta hefur eiginlega verið fjölbreyttara en maður bjóst við í upphafi,“ segir hann en Epoxy Gólf var stofnað í Reykjanesbæ árið 2010. Starfsmenn bregðast fljótt við

fyrirspurnum og verkið er unnið á skömmum tíma. „Það er hægt að hafa samband við okkur í síma 868 2785 eða í gegnum tölvupóst, hreinn@epoxygolf.is. Við komum á staðinn og gefum persónulegar leiðbeiningar áður en við gerum tilbod í verkið. Við höfum verið að vinna í Vestmannaeyjum, Selfossi, Stokkseyri og Flúðum síðustu daga svo við förum um allt land.“

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að skoða heimasíðuna epoxygolf.is. Þá er fyrirtækið með Facebook-síðu þar sem hægt er að skoða margvíslegar lausnir.



Epoxy gólf með kvartssandi.



“Gólfteppi gera góða hljóðvist en í mörgum nýjum húsum þar sem hátt er til lofts og vitt til veggja getur bergmálað af hörðum gólfum. Fólk teppaleggur stofurnar hjá sér og oft svefnherbergin líka, enda afar notalegt að hafa teppi í svefnherbergjunum.”

Rósótt gólfteppi vinsæl

Svava Björk Jónsdóttir, MA arkitekt, segir Íslendinga vera orðna tilraunaglaðari við innanhússhönnun. Íslensk heimili þurfi ekki að vera einsleit.

Mikið úrval af harðparketi
- sjón er sögu ríkari...gæði og gott verð!

Bara í **BAUHAUS**

20 ára ábyrgð

Classico plastparket
Þykkt 8 mm, plankastærð
192/242 x 1285 mm. Verð á m².

2.495.-

Esperia eik

| | | | | |
|---------------|---------------|---------------|---------------------|---------------------|
| Moldova beyki | Trondheim eik | Corfinio eik | Jubileum plómuviður | Jubileum eplaviður |
| Prato eik | Acere eik | Livorno hnota | Sawcut eik | Sassari viðarblanda |

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Við erum auðvitað lítil þjóð og eðlilegt að margir eldist við það sem þykir flott. Um leið verður það sýnilegra. Mér finnst fólk þó vera farið að prófa eitthvað nýtt og það má vel tengja það við öll þessi innlit sem við sjáum í blöðum og sjónvarpsþáttum. Fólk er orðið meðvitaðra um að gera eitthvað annað en allir hinir,” segir Svava Björk, spurð út í tiskustrauma í gólfefnum og hvort íslensk heimili séu einsleit.

Ljóst eikarparket hefur löngum notið mikilla vinsælda á íslenskar stofur en Svava segir parket alls ekki það eina sem komi til greina.

Teppi og dúkar vinsæl

„Eikin er að sjálfsgöðu löngu orðin klassísk en það er gaman að sjá að teppin eru komin aftur og einnig gólf dúkar. Síðasta árið hef ég notað mikið af dúkum í mín verkefni, bæði parketdúka og slétta. Þetta er ekki lengur gamli þvottahúsdúkurinn eins og fólk man eftir heldur er úrvalið mjög mikið og teppaflóran er einnig frábær núna. Ég stend til dæmis í þessum töluðu orðum á rósóttu gólfteppi. Fólk er farið að þora,” segir Svava. Gólfteppi í dag

séu enda ekki þau sömu og fyrir þrjátíu árum.

„Það getur í raun hver og einn hannað sitt einstaka teppi í dag með þróuninni sem hefur átt sér stað síðustu ár og teppin og dúkarnir eru orðnir mun umhverfisvænni. Í teppunum eru komnar lausnir sem draga í sig rykið en á hörðu gólfefni er rykið frekar á ferðinni í loftinu. Gólfteppi gera líka góða hljóðvist en í mörgum nýjum húsum þar sem hátt er til lofts og vitt til veggja getur bergmálað af hörðum gólfum. Fólk teppaleggur stofurnar hjá sér og oft svefnherbergin líka, enda afar notalegt að hafa teppi í svefnherbergjunum.

Úti og inni renna saman

Nú er hægt að fá útflísar, sam-bærilegar innflísar eða alveg eins og þá er stéttin úti í garði gjarnan látin flæða inn í rýmið. Það er mjög gaman að vinna með þessi tengsl milli inni- og útisvæða. Svo eru risastórar flísar líka alltaf spennandi á gólf. Fólk er einnig að flota gólf og setur gjarnan lit út í flotið. Svo er lakkað yfir. Yfir flotuð gólf er fallegt að setja afgerandi mottur. Þó það hljómi eins og klisja þá má samt segja að það sé „allt“ í gangi þegar kemur að vali á gólfefnum. Það er ekkert „út“,“ segir Svava.



„Eikin er að sjálfsgöðu löngu orðin klassísk en það er gaman að sjá að teppin eru komin aftur og einnig gólf dúkar,” segir Svava Jónsdóttir, MA arkitekt. MYND/ERNIR



HÚSASMIÐJAN

250%

afsláttur

af öllu harðparketi,
öllu undirlagi og öllum góflistum

Þekktir framleiðendur,
frábærar vörur og mikið úrval.
Komdu og gerðu góð kaup.



EUROHOME
enjoy living

ALSAPAN

Gildir til 9. júlí

Kaindl harðparket
147041-3

Fáðu góð ráð í gólfefna-
deild Húsasmiðjunnar
í Skútuvogi



Byggjum á betra verði

Svart á hvítu

Svört og hvít köflótt gólf sem minna á skákborð sjást fyrst í evrópskum málverkum frá 15. öld en upphaf mynstursins má rekja mun lengra aftur. Þau má til dæmis sjá á fornum leirkerjum frá Íran og gólfum frá Rómatímanum.

Skákborðsmynstrið er mörg þúsund ára gamalt. Það má sjá í leirkerjum og textíl margra menningarheima. Til dæmis er það að finna á leirmunum frá vesturhluta Írans frá því um 1500 fyrir Krist. Í fornum egypskum myndleturstáknum þýddi köflótt mynstur töflu skrifara.

Mynstrið var notað í frumstæð borðspil auk þess sem það var notað sem grunnur í hernaðarskipulagi í Rómaveldi. Mynstrið hefur því verið vel þekkt í gegnum tíðina og gera má gera ráð fyrir að það hafi verið notað um leið og menn fóru að flisaleggja gólf í einhverjum mæli.

Á endurreisnartímanum urðu köflótt gólf vinsæl að nýju eins og sjá má á ýmsum myndum frá 15. öld. Á þessum tíma könnuðu listamenn stærðfræðilegar víddir og svart/hvít köflótt gólf hentuðu vel til að sýna leikni listamannsins á því sviði.

Hundrað árum síðar átti Lúðvík XIV Frakklandskonungur þá ósk að endurvekja glæsibrag Rómaveldis. Hann fékk því meðal annars listamanninn og arkitektinn Charles Le Brun til að hanna gólfinn við drottningarstigann í Versöllum. Le Brun hannaði svart og hvít köflótt marmaragólf og notaði í það finasta glansandi marmara sem til var.

Á miðri 18. öld kom upp fagaðri nýklassík. Einkennandi fyrir tímabilið voru verk Roberts Adam, ensks arkitekts sem notaði köflótt gólf með grísku mynstri í Syon Park árið 1761.

Á tuttugustu öld var hægt að finna köflótt gólf víða á heimilum, sum úr linoleum dúk eða plastgólfefni. Oft er mynstrið tengt eldhúsgólfum frá þriðja og fjórða áratugnum.


Köflótt gólf er enn að finna víða og munu þau efalaust dúkka upp öðru hvoru í gólf-tísku framtíðarinnar.



Á lestarstöðinni í Taipei í Taívan er nútímalegt stórköflótt gólf.



Gólfinn í verslunarmiðstöðinni við Friedrichstrasse í Berlín eru skrautleg.



Gangur sem notaður var sem dansgólf í kastalanum Chateau De Chenonceau í Frakklandi.



Stephansdom dómkirkjan í Vín, Austurríki.

PORCELANOSA
flísar fyrir vandláta

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

marmoleum[®] *click*

Linoleumparket

Náttúrulegt gólfefni

*Þinn stíll
-eftir þínu höfði-*



Gólf sem syngur eins og næturgali

Næturgagalólf eða uguisubari voru gólf sem hönnuð voru til að gefa frá sér tístandi hljóð þegar gengið var á þeim. Þessi gólf voru notuð í göngum nokkurra mustera og halla í Japan fyrr á tímum. Frægast slíkra gólfa er að finna í Nijo-kastalanum í Kyoto.

Þurr viðargólf eiga það til að braka þegar gengið er

